

Erl. símfregnir.

Níkíta Svartfellingakonungur er látinn. — 30 þús. verkamenn og sjómenn gerðu uppbot í Pétursborg gegn Bolsjevikkum, en voru bældir niður og borgin sett undir heraga. — Þýzkir sendimenn eru komnir til Lundúna á ráðstefnu þar til að ræða um skaðabótakröfurnar. Bjóðast þeir til að greiða 50 milljarða í skaðabætur og eina milljón árlega næstu fimm ár, en Bandamenn telja þetta fjarstæðu eina. Frakkar eru óðir og uppvægir og fyrirskipar stjórnin að hafa alt til taks ef senda þurfi herlið frá París til Þýzkalands. Sameinaða gufuskipafélagið græddi 40% árið sem leið.

Innl. símfregnir.

Rvík 4. marz. Líklegt þykir að þýzkur botnvörpungur, »Ísland« frá Gerstemünde, hafi nýlega farist fyrir sunnan land og hafa brot úr honum rekið í Landeyjum — Hið nýja skip Eimskipafélagsins hleypur af stokkunum 15. marz. — Guðmundur Salómonsson sjómaður af Ísafirði druknaði s.l. laugard. — datt út af norðurgarði hafnarinnar. — Aðgerðalítið á Alþingi enn sem komið er, en stórmál fara að koma úr nefndum í næstu viku.

á eða hefir á leigu. Vinnu- og kaupahjú eru ekki talin rekka búskap, heldur bóndinn og sama er um hvern þann mann sem »spekúlarar« í einhverju fyrirtæki upp á eigin reikning, t. d. síldarverkun eða bræðslu, að það er hann, sem rekur atvinnuna, en ekki daglaunafólk hans, og að hann er settur undir sérstök þrengri ákvæði um útsvarsskyldu er einungis fyrir það, að af atvinnu hans er jafnaðarlegast meiri arðsvon, en daglaunamannsins.

Nægi þetta ekki til þess að leiðrétta G. H. má ennfr. benda honum á, að hver atvinnurekandi heldur, sérstakan reikning sem heitir rekstursreikningur og er honum einum viðkomandi en ekki verkafólki hans.

Eg hygg að G. H. verði erfitt að sýna það, að í sveita eða kaupstaðalöggjöfinni sé nokkurstaðar heimilað að leggja útsvar á verkafólk fyrir en eftir þriggja mánaða fasta dvöl, því samkv. tilfærðum ákvæðum — og önnur eru ekki til um það efni í lögum kaupstaðanna — er það einungis atvinnurekandinn, sem fyrir getur orðið útsvarsskyldur, enda væri það í mesta máta óeðlilegt ef einn alg. daglaunamaður ætti samkv. lögum að hafa þrengri útsvarsskyldu en annar, þó báðir hefðu jafn hátt kaup, hlýddu t. d. sama kauptaxta.

Höf. segir að eg hugsí mér niðurfjöfnunarnefndina hér sem eitthvert »ránfygli«. Væri þetta rétt til getið, mætti ætla að honum léti betur að hugsa fyrir aðra en sjálfan sig, en þetta er ekki heldur rétt. Eg hefi ekki hugsað mér neina niðurfjöfnunarnefnd þannig, þó hitt sé vitan-

legt, að þær yfirl. fari lengra en skemur en lögin ætlast til, enda þótt engri niðurfjöfnunarnefnd hafi enn dottið í hug að framfylgja þeim samkv. skilningi G. H., og er það eitt út af fyrir sig fullkomin sönnun fyrir því, að sá skilningur sé rangur. Annars gæti engin niðurfjöfnunarnefnd, hversu góð og réttlát sem væri, annað en brotið lög á mönnum, ef hún ætti að leggja útsvar á fleiri hundruð alókunnugra aðkomumanna eftir viku eða hálfsmánaðar dvöl, eða hvernig gæti hún lagt slík útsvör á eftir »efnum og ástæðum« eins og lögin heimta þó skýlaust?

Sv. B.

Kaupm. & Verzlunarmannafélag

Siglufjarðarkaupstaðar hélt laugard. 26. febr. afmælisfagnaðarsamkomu félags síns. Sátu þá samkomu yfir 170 manns. Var þangað boðið konum og körlum, ungum og öldruðum, fátækum jafnt sem efnuðum. Var leikfímísalur barnaskól. skreyttur mjög smekklega, svo ánægjulegt var að sitja þar undir borðum. Setti formaður félagsins, kaupm. Sophus A. Blöndal samkomuna með ræðu, bauð alla gestina velkomna, og mintist þeirra félaga með hlýjum orðum, sem bæði voru fjarverandi um stundarsakir, og hinna, sem burt höfðu flutt alfarnir síðan félagið var stofnað. Sömu leiðis las hann upp heillaskeyti, er stjórn verkamannafélagsins sendi afmælisbarninu. Að því búnu var byrjað á snæðing, og borðuðu menn með góðri lyst og ánægju matinn, því hann var bæði góður og nógur og vel framreiddur. Steikin af Siglunessauðunum þótti gómsæt, enda voru þar við stjórn þeir, er mat kunna að laga og framreiða, þar sem frú Petrína á hlut að máli; því þau hjón frú Petrína og Guðlaugur seldu félaginu allan mat og sem sagt allar veitingar. Yfir borðum héldu ræður kennari Guðm. Skarphéðinsson fyrir minni Siglufjarðar og bókhaldari Sveinn Bjarnason fyrir minni Fjallkonunnar gömlu. Voru ræður beggja hinar snjöllustu og var að þeim gerður góður rómur. Jafnframt ræðunum söng æfður söngflokkur undir stjórn séra Bj. Þorsteinssonar ýms velvalin ættjardarkvæði. Á borðinu hjá hverjum diski lá ný-ort, prentað kvæði er afmælisbarninu var sent, sömu leiðis tilhögunarskrá fyrir skemtunina. Eftir að borð voru upptekin skemtum menn sér við söng og dans á víxl, og spil þeir er ekki tóku þátt í dansinum. Þremur hljóðfærum var saman stemt þá er dansinn var stígninn og þótti hljómur góður. O. Tynes með fiólin, Dúi Stefánsson við orgelið og Edvin Johansen með Harmoníku. Við þessa skemtun og kaffi og súkkulaði undu menn glaðir og fjörugir til kl. 8 um morguninn. Var þá gefið upp af stjórnendum samkomunnar, að

allir þeir er vildu skyldu koma saman í leikfímíshúsinu kl. 8 að kvöldi. Húsið fylltist á þeim tiltekna tíma, var þar og einnig kominn söngflokkurinn, og var öllum skemt með söng og dansi til kl. 3 um nóttina. Gjörðu félagar afmælisbarnsins alt mögulegt til að auka gleði boðsgestanna. Hafa því vist allir farið heim glaðir í sinni með hlýjan hug til afmælisbarnsins.

Einn af gestunum.

Burðargjöld hækka.

Breytt um frímerki.

Fyrir skömmu hefur alþjóðapóstfundur verið haldinn í Madrid, tveir fulltrúar voru þar mættir af Danmerkur hálfu, og mætti annar þeirra fyrir Íslands hönd (Hollnagel Jensen.)

Hér á Íslandi verður burðargjald hækkað 1. apríl næstk. Burðargjald fyrir almenn bréf til útlanda verður frá þeim tíma, fyrir einfalt bréf (20 gr.) 40 aurar, fyrir hver 20 gr. þar fram yfir 20 aurar. Krossbandssendingar 10 aura fyrir hver 50 gr. Ábyrgðargjald 40 aura. Burðargjald fyrir böggla frá Íslandi verður sennilega óbreytt til ársloka.

Frá 1. apríl n.k. verða nógildandi 5, 10, 20, 25 og 40 aura frímerki gerð ógild, en í þeirra stað verða gefin út ný frímerki af þessum tegundum, með öðrum litum en verið hafa hingað til. Verða þá 10 aura frímerkin nýju græn, 25 aura rauð og 40 aura blá. Er þessi breyting á frímerkjunum gerð samkv. ákvæðum alþjóðapóstambandsins.

Vikan.

Tíðin. Harðari veðráttá þessa viku og stormasamt. Aðfaranótt fimtudags og fram á þann dag afspyrnu-veður, eitt með mestu austan-ofsarokum sem hér koma. Með veðrinu var fannkoma töluverð og frost. Hæst frost þessa viku 15 stig. Í morgun var frostið 10 stig og besta veður.

Í austan-rokinu á fimtudagsmorguninn urðu hér dálitlar skemdir. Nyrðri bryggja Söbstads brotnaði niður að mestu leyti, stendur aðeins bryggjuhausinn eftir.

Nýhlaðinn og steptur reykþáfur við kirkjuna fauk um. Um fleiri skemdir hefur eigi heyrst og enga skaða hér nærlendis, enda mun veðrið hafa verið einna mest hér í firðinum.

Kol lækka. Landsverzlun hefur enn lækkað verð á kolabirgðum sínum, er það nú 160 kr. smál. hér í Sigluf.

Afmælisfagnaður Kaupm. og Verzlunarmannafélagsins fór fram síðastl. laugardagskvöld eins og til stóð. Var þar samankomið nær 170 manns. Heillaskeyti barst félaginu frá stjórn verkamannafélagsins og frumort verzlunarminni frá ókendum höfund, og birtist kvæði það hér í blaðinu í dag. Annars vísast til þess er »einn af gestunum« segir um samkvæmi þetta á öðrum stað í blaðinu.

Skip. Þriggja skipa von hvað vera hingað, sem öll eiga að taka síld til útflutnings. Eitt þeirra er »Dana« sem lengi hefur legið á Akureyri og átti þaðan að fara með fiskfarm út. Hefur það nú breytt

S. A. Blöndal selur:

Rúgmjöl, fínt og gott
Hveiti, besta tegund
Niðurs. Mjólk 1.00 dósin
Strausykur 1.10 1/2 kg.
Cacao, ágæt teg. 1.80 1/2 kg.
Kaffi, mjög ódýrt
Export, mjög ódýrt
Margarine, ósúrt
Plöntufeiti, »Kokkepige«

Altá best að verzla þar.

svo að hún er hér komin í dag, og tekur hér síld. Annað skipið er »Echo«, kom upp til Ísafjarðar, væntanlegt hingað á hverri stundu. Þriðja skipið hvað fara frá Reykjavík í dag beina leið hingað.

Messufall. Vegna þess að kirkjanrekháfurinn fauk og kalt er í veðri, verður messufall hér á morgun.

Aðalfundur Prentsmiðjufél. Siglufjarðar verður haldinn á morgun í húsi Guðl. Sigurðssonar kl. 3. síðd.

Verzlunarminni

sent Kaupm. og Verzlunarmannafélagi Siglufj. á afmæli þess 1921.

Lag: Yfir fornum frægðar ströndu

Samfara í sögu vorri
Sífelt var um hríð:
Konungsverslun, harðstjórn, hungur,
Hörmangarastríð!
Þjóðin man hvert þrælatakið,
þýja reiddan vönd, —
Hólmfasts man hún barið bakið
blóðgað niðingshönd.

Aldrei hafa Íslendingar
átt við þvilíkt grand!
Að þjóðin eyddist algerlega
átti skamt í land.
Styrjaraði Sturluvaldar
stolt og hraust hún bar,
svell og glóð og Svartíðauði
sýnu betra var.

Guð þá sendi lítu landi
ljós á myrkri stund:
göfuga drengi er hátt upp hófu
heill þess styrkj mund.
Svo var komið langt að lokum
láni og hagsæld þar
að frjáls og góð og fengsæl verslun
fengin aftur var.

En hvort er ekki enn að skyggja
yfir þetta land?
Á að fjötra oss að nýju
einokunarband?
Ef að þetta ólán ætti
enn að henda Frón,
aftur sköpin skyldu' oss senda
Skúla, Tómas Jón!

Hingað og þangað.

Kristjánssund

heitir bær í Noregi hér um bil miðja vegu milli Þrándheims og Álasunds. Bær þessi er um 200 ára að aldri og íbúar 15 þúsund, er aðallega stunda sjávarútveg.

Í ársbyrjan 1916 voru eignir bæjarins 25 milljónir króna en nú hefur hann hætt öllum fjárgreiðslum og lýst sig gjaldþrota.